

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 7. apríl 2016
UST201603-127/B.S.
10.05.06

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Ofanflóðavarnir á Norðfirði - Nes- og Bakkagil. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Ráðgert er að byggja ný mannvirki austan ofanflóðavarna sem fyrir eru neðan Drangagils. Ráðgert er að byggja 550 m langan garð og ofan hans verða reistar 20 keilur. Hæð hvernar keilur verður 10 m og hæð garð 14-20 m.

Hér er um sambærileg mannvirki að ræða eins og þau sem fyrir eru neðan Drangagils.


Framkvæmdasvæðið verður um 20 ha raskað svæði verður um 9,5 ha. Talið er að efnistaka úr skeringum verði alls um 400.000 m³. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur m.a. verið stunduð skógrækt. Hluti svæðisins er framræst votlendi.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar verði sjónræn áhrif og varanleg áhrif á landslag. Stofnunin telur hins vegar að frágangur þeirra mannvirkja sem þegar eru fullfrágengin sýni að með vönduðum frágangi og uppgræðslu er unnt að draga verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymistjóri